

**HAGSKÝRSLUR ÍSLANDS**

STATISTICS OF ICELAND

**II, 59**

**HANS OLUF HANSEN**

# **MANNTAL 1729**

## **Í ÞREMUR SÝSLUM**

**POPULATION CENSUS 1729 IN THREE COUNTIES**



**GEFIÐ ÚT AF HAGSTOFU ÍSLANDS**

**PUBLISHED BY THE STATISTICAL BUREAU OF ICELAND**

**RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG. REYKJAVÍK 1975**

## Efnisyfirlit.

### Contents.

	Bls.
<b>Formáli preface</b> .....	3
<b>On the author</b> .....	3
<b>Formáli höfundar</b> .....	4
<b>Author's preface (in English)</b> .....	4
<b>Inngangur introduction</b> .....	5
<b>Breytingar á hreppaskipan í hinum þrem sýslum síðan 1729 changes in communal boundaries in the three counties since 1729</b> .....	13
<b>Tölur tables</b>	
1. Fólkið eftir hreppum, kyni, aldri og hjúskaparstétt <i>the population by communes, sex, age and marital status</i> .....	14
2. Fólkið eftir kyni, aldri (eins árs aldursfl.) og hjúskaparstétt. Hinar 3 sýslur <i>the population by sex, age and marital status (one year age groups). All 3 counties</i> .....	18
3. Börn yngri en 2ja ára eftir hreppum og aldri <i>children undir two years, by communes and age</i> ..	19
4. Börn hjóna eftir eigin aldri og aldri móður. Hinar 3 sýslur <i>marital children, by own age and by age of mother. All 3 counties</i> .....	20
5. Börn hjá hjónum eftir barnatölu og aldri móður. Hinar 3 sýslur <i>broods of marital children by size and by age of mother. All 3 counties</i> .....	22
6. Tímaskeið milli fæðinga hjónabandsbarna, eftir fæðingarröð. Hinar 3 sýslur <i>marital birthspaces by duration and by parity. All 3 counties</i> .....	23
7. Gagnkvæmur aldur hjóna, eftir sýslum <i>mutual age of married couples, by counties</i> .....	24
8. Upplýsingar um heilsufar, eftir kyni, aldri og sýslum <i>health characteristics by sex, age and counties</i> ..	26
9. Upplýsingar um atvinnu, eftir aldri og sýslum <i>occupational characteristics by age and counties</i> ..	26
10. Aðrar upplýsingar um fólkið, eftir aldri og sýslum <i>other characteristics of the population, by age and counties</i> .....	28
11. Húsbændur (flokkaðir A, B, C), eftir kyni, hjúskaparstétt og aldri <i>heads of household (classified: A, B, C), by sex, marital status and age</i> .....	30
12. Fjölskyldurnar eftir stærð og eftir tegund. Hinar 3 sýslur <i>the families by number of members and by type. All 3 counties</i> .....	31
Skilgreining á „fjölskyldutengsl“ og á „tegund fjölskyldu“ (tilheyrir töflu nr. 12) <i>definition of „family generations“ and „family types“ (refers to table no. 12)</i> .....	30
13. Heimili með fjölskyldum af tiltekinni tegund, eftir fjölskyldustærð og tölu heimilismanna <i>households with families of varying types, by number of family members and by number of household members</i> .....	32
14. Fólkið í hinum 3 sýslum — flokkað A, B, C — (sbr. töflu 11: A, B, C), eftir heimilisstærð, heimilisstöðu og aldri <i>the population in all 3 counties, classified as in table 11 (A, B, C), by size of household, position in household and age</i> .....	34
15. Mannfjöldi á öllu landinu samkvæmt manntali 1785, eftir sýslum, kyni og aldri <i>the Icelandic population according to census 1785, by counties, sex and age</i> .....	38
<b>English summary</b> .....	39
<b>Áður útgefnar skýrslur um manntöl earlier publications on population censuses</b> .....	40

## Merking tákna, sem notuð eru í hagskýrslum.

### Symbols used in this publication.

- „ merkir endurtekningu *sign of repetition.*
- merkir núll, þ. e. ekkert *nil.*
- 0 merkir, að talan sé minni en helmingur þeirrar einingar, sem notuð er *less than half of the unit used.*
- . er sett þar, sem samkvæmt eðli málsins á ekki að koma tala *in rubrics where figures as a matter of course do not occur.*
- ... merkir, að upplýsingar séu ekki fyrir hendi *not available.*
- \* á eftir tölu merkir, að hún sé bráðabirgðatala eða áætlun *preliminary or estimated data.*
- , (komma) sýnir desimala *decimals.*
- ( ) (svigi) utan um tölu merkir, að hún sé ekki meðtalin í samtölu *figure not included in total.*

## Formáli *preface.*

Höfundur þessa rits er danskur vísindamaður, Hans Oluf Hansen, fæddur árið 1939. Hann lauk prófi í sögu og norrænum fræðum frá Hafnarháskóla árið 1968. Þegar á háskólaárunum hneigðist hugur hans að félagsfræðilegum rannsóknarefnum, og síðan hann lauk prófi hefur hann mikið fengist við tölfræðilegar rannsóknir á sviði mannfjöldafræði. Sérstaklega hefur hann helgað sig vísindalegum aðferðum til könnunar og úrvinnslu á manntölum og öðrum mannfjöldagögnum frá fyrri tímum. Í því sambandi hefur hann sett upp kerfi til tölvuvinnslu á efnivið manntala og hliðstæðra gagna. Hann hefur samið mörg rit um þessi efni og hafa þau hlotið viðurkenningu víða um lönd meðal vísindamanna, sem fást við þessi fræði.

Hans Oluf Hansen hefur síðan 1973 verið lektor í mannfjöldafræði við námsbraut félagsvísinda í Hafnarháskóla, og hann starfar jafnframt við Tölfræðistofnun Hafnarháskóla (Københavns Universitets Statistiske Institut).

Eins og kemur fram í inngangi þessa rits telur Hans Oluf Hansen, að gömul íslensk manntöl, jarðabækur og hliðstæð gögn hafi að geyma mikilvægan efnivið til sögulegra og félagsfræðilegra rannsókna, og að nútíma rannsóknaraðferðir opni nýjar leiðir til að hagnýta hann. Hann kynnti sér íslensk gögn um þessi efni, er hann átti nokkurra mánaða námsdvöl við Þjóðskjalasafn Íslands árið 1966, og víðaði þá um leið að sér efni í prófritgerð, sem fjallaði um íslenska mannfjöldafræði. Auk þess rits, sem hér birtist, hefur hann samið ritgerð: „Valuation of Landed Property in Iceland c. 1700“, sem hefur ekki verið prentuð. Enn fremur liggur fyrir í handriti „Some Population Trends During and Prior to the Demographic Transition in Iceland“, þar sem tekin er til meðferðar mannfjöldapróun á Íslandi á tímabilinu 1840 til 1970.

Rit það, er hér birtist, var gefið út fjölritað árið 1971. Um það vísast til formála höfundar og inngangsins hér á eftir. Manntalið 1729 er að því er varðar bæði form og innihald nátegt manntalinu 1703, sem Þorsteinn Þorsteinsson fyrrverandi hagstofustjóri töflusetti og Hagstofan gaf út á sínum tíma (hagskýrsluhefti nr. II, 21). Þótti því sjálfsagt að taka góðu boði höfundar um, að Hagstofan gæfi rit þetta út í ritaflokki sínum, Hagskýrslum Íslands. Hagstofan hefur þýtt ritið á íslensku og búið það til setningar, en að öllu öðru leyti er það verk Hans Oluf Hansen.

Hagstofa Íslands, í nóvember 1974.

Klemens Tryggvason

## On the author.

The author of this work, Hans Oluf Hansen, is Danish and was born in 1939. He graduated from Copenhagen University (history, Nordic philology, demography, computing) in 1968. In 1969 he became assistant professor and in 1973 associate professor at the Institute of Statistics, Demographic Division, at the same university. His research activities so far have been concentrated mainly on demographic analysis of historical population data in the Nordic countries. These activities have included design and development of computerized information systems for administration of data files consisting of population census registrations and individual data on the movement of populations. Some of the findings from this research have been published in various periodicals. Apart from the present one his works on demographic and social structures in Iceland include „Valuation of Landed Property in Iceland c. 1700“ (unpublished) and „Some Population Trends During and Prior to the Demographic Transition in Iceland“ (in progress).

## Formáli höfundar *author's preface.*

Úrvinnsla gamalla manntalsgagna með nýjum hætti getur leitt til aukinnar þekkingar okkar á félagslegum og mannfjöldafræðilegum aðstæðum í þjóðfélaginu. Tilkoma nútíma tækni til vélvinnslu gagna hefur skapað ný viðhorf á þessu sviði, og framfarir á mannfjöldafræði á seinni árum koma hér einnig við sögu.

Í þessu riti eru birtar, í töfluformi, niðurstöður tölfraðilegrar úrvinnslu á manntali, sem tekið var á Íslandi árið 1729. Persónulistar þessa manntals voru mikilvægt tæki til prófunar á tölvuvinnslu-kerfi, sem höfundur hafði í smíðum til úrvinnslu á manntölum. Reiknistofnunin NEUCC við Tækniháskóla Danmerkur lét í té ókeypis tölvupjónustu til verksins.

Hagstofa Íslands gaf árið 1960 út töfluhefti um manntalið 1703 og var þar um að ræða mikilvægt framlag til úrvinnslu og töflusetningar á gömlum manntalsgögnum. Rit það, er hér birtist, er í þakkar-skuld við þetta rit Hagstofunnar og aðallega á tvennan hátt, annars vegar í sambandi við tildrög að töku þessara manntala, og hins vegar var úrvinnslunni hagað þannig, að unnt yrði að bera saman tölfraðilegar niðurstöður 1703 og 1729. Vegna skorts á tölfraðilegum upplýsingum um breytingar mannfjöldans á öndverðri 18. öld (ekki er unnt að gera sér tölfraðilega mynd af íslenskri fjölskyldu fyrr en um 1785), er litið svo á, að djúptæk athugun á sennilegu samspili mannfjöldabáta á þessu tímabili liggi utan við ramma þessa verks. Áhersla er einkum lögð á að athuga uppruna þessara tveggja manntala, samband þeirra innbyrðis og heimildagildi.

Höfundur þakkar herra Kristjáni Eldjárn, forseta Íslands, fyrir að hafa greitt götu þessa verks, og Hagstofu Íslands fyrir vandaða þýðingu og útgáfu ritsins. Prófessor P. C. Matthiessen las uppkast ritsins og lagði skerf til þess í gagnlegum viðræðum. Höfundur ber einn ábyrgð á villum og öðru því, sem áfátt kann að vera.

Hans Oluf Hansen.

Tölfraðistofnun Hafnarháskóla.

## Author's Preface.

Re-processing of historical census forms may add considerably to our knowledge of human social and demographic structures. Such efforts have been greatly facilitated with the advent of modern electronic computing technology and recent developments in population research.

In this work is presented a collection of statistical tables worked up from the Icelandic population census of 1729, which served as an important test material at the development of an electronic data-system for processing of census forms. The computing center at the Technical University of Denmark, NEUCC, generously and free of charge put the necessary computing facilities at the disposal for the project.

A pioneer work in re-processing of historical census information was completed by Hagstofa Íslands in 1960 when a collection of statistical tables based on the general population census of 1703 was issued. The present collection is indebted to the 1703 collection mainly for two reasons, firstly because of the connection between the genesis of the two censuses, and secondly the 1729 tables have been shaped to allow statistical comparisons of basic socio-demographic structures in about 1703 and 1729. Due to the absence of information on the movements of the Icelandic population in the early 18th century — family reconstitution is infeasible in Iceland prior to c. 1785 — a well-evidenced discussion of the probable interplay of the demographic components in that period is deemed out of scope of this work. Specifically emphasized aspects are the genesis of the 1703 and 1729 censuses, their mutual relations, and their value as sources.

It remains for the author to express his gratitude to the President of Iceland, Mr. Kristján Eldjárn, for his promotion of this project, and to Hagstofa Íslands for careful translation and edition of the work. Prof. P. C. Matthiessen read an earlier draft of the manuscript and contributed with instructive discussions. The author is solely responsible for any error or shortcoming.

Hans Oluf Hansen.

Institute of Statistics, Copenhagen University.

# Inngangur.

## Introduction.

Gerð mannfjöldaskýrslna á sér langa sögu að baki á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru til heildartölur um fjölda íbúa og skiptingu þeirra eftir umdæmum, kynferði, aldri, hjúskaparstétt, starfi o. s. frv. frá 1749 og síðan með stuttum millibilum fram á okkar daga<sup>1</sup>). Því miður var ekki tilgreindur aldur einstaklinga eftir hjúskaparstétt fyrir en árið 1870, er fyrst var tekið manntal að nútíma hætti<sup>2</sup>). Þetta er sennilega stærsti annmarkinn á hinum eldri mannfjöldaskýrslum Svíþjóðar. Í dansk-norska konungsríkinu voru tekin mörg manntöl á 18. og 19. öld<sup>3</sup>). Að undanteknu manntali á Íslandi 1785 hafa varðveist flestir, ef ekki allir, upphaflegir skráningarlistar allra manntala, sem tekin hafa verið á Íslandi. Þá er einnig til mikið safn sóknarmannatala hins dansk-norska konungsríkis allt frá því á miðri 17. öld<sup>4</sup>). Mikið safn af herkvaðningarskrám nær aftur á fjórða tug nítjándu aldar<sup>5</sup>), og almannaskrár liggja fyrir síðan 1924. Á grundvelli þessara gagna er auðvelt að gera töflur um fjölskyldur, samsetningu þeirra og annað, sem hér til heyrir.

Með smáfráviki frá skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á „manntali“, má segja, að það hugtak taki til gagnaöflunar, töflugerðar og birtingar mannfjöldaskýrslna, sem á ákveðnum tíma ná til allra einstaklinga, staddra eða búsettra á ákveðnu landsvæði<sup>6</sup>). Öll dönsk og íslensk manntöl, nema heildartalningin 1769, eru af þeirri tegund, sem tíðkast nú á dögum. Það er furðulegt, hve litla grein menn hafa í rauninni gert sér fyrir geysilegu mikilvægi manntala fyrri alda fyrir þjóðfélagsvísindin. Til þessa hefur lítið verið af því gert, að vinna manntölin með nútíma töflugerðaraðferðum, og skýra niðurstöðurnar í samræmi við kennisettingar í viðkomandi fræðigreinum. Úr dönskum og íslenskum manntölum fyrir 1870 er unnt að vinna miklu ýtarlegri töflur um mannfjöldann og samsetningu hans en úr sænskum manntölum frá sama tíma. Tölur um breytingar mannfjöldans fram til 1850 eru hins vegar miklu sundurliðaðri og fyllri í Svíþjóð en í löndum Danakonungs. Við rannsóknir á þjóðfélagsskipan og mannfjölda á Norðurlöndum fylla mannfjöldaskýrslur ríkjanna því hverjar í skörð annarra, og sameiginlegt heimildargildi þeirra verður enn meira fyrir bragðið.

1) Hagstofa Svíþjóðar: *Historisk statistik för Sverige. Del 1. Befolkning 1720—1967*, önnur útgáfa, bls. 20 (1969).

2) Sama rit, bls. 21.

3) Fjallað er um opinber manntöl í Danmörku í ritinu *Some Aspects of the Demographic Tradition in Denmark* eftir P. C. Matthiessen, bls. 193—96 (1970). Birt eru sýnishorn skráningareyðublaða og rakin tildrög og kringumstæður manntala í Danmörku í formálanum að *Statistisk Tabelværk, IV A, 8b*, bls. I—XL (1893) og í *Dansk Statistiks Historie 1800—1850* (1901), eftir Axel Holck. Öbirtar danskar manntalsheimildir — þ. á m. upphaflegir manntalslistar — eru geymdar í Ríkisskjalasafni Danmerkur (Rigsarkivet) í Kaupmannahöfn. Dansk-norska konungsríkið var við lýði til ársins 1814. Gerð er grein fyrir óprentuðum norskum mannfjöldagögnum og prentuðum norskum mannfjöldaskýrslum í ritinu *Population and Society in Norway 1735—1865* eftir Michael Drake, bls. 233—35 (1969). Sjá einnig þetta rit varðandi frekari vitneskju um þessi efni í Noregi. Ísland var hluti af danska konungsríkinu til 1918 og sambandsland Danmerkur til 1944. Óprentaðar heimildir um mannfjölda á Íslandi eru nú geymdar í Þjóðskjalasafni Íslands í Reykjavík. Skrá yfir opinberar hagskýralur, þ. á m. íslenskar mannfjöldaskýrslur 1801—1901, er birt í *Statistisk Årbog*, sem Hagstofa Danmerkur (Danmarks Statistik) gefur út. Til frekari vitneskju um íslensk manntalsrit sjá *Hagskýrslur Íslands II*, 47, bls. 1 (1969).

4) Yfirlit um dönsk sóknarmannatöl, tímabil þeirra og staðsetningar, er að finna hjá S. Nygård: *Danmarks kirkebøger. En oversigt over deres væsentligste indhold indtil 1891, Vejledende arkivregistraturer V*, gefið út af Ríkisskjalasafni Danmerkur (1933). Sjá einnig sérstök yfirlit um þetta efni, sem gefin hafa verið út af dönskum héraðsskjalasöfnum. Yfirlit um íslensk sóknarmannatöl er að finna í ritgerð Jóns Guðnasonar, *Prestþjónustubækur og sóknarmannatöl, Skrár Þjóðskjalasafns II*, útg. af Þjóðskjalasafni Íslands (1953).

5) Megindráttum í sögu danska herkvaðningarkerfisins er lýst í ritgerð eftir Knud Rasmussen, *Lægdsvænenet 1788—1914, Arkiv (tímarit) I*, 3, bls. 168—90 (1967). Sjá einnig sérstök yfirlit í dönskum héraðsskjalasöfnum.

6) *Demographic Yearbook 1955*, útg. af Sameinuðu þjóðunum, bls. 1 (1955).

Tilgangur þessa rits er að birta nokkrar töflur með niðurstöðum manntals, sem tekið var á Íslandi árið 1729. Það fór fram í þremur sýslum, Rangárvalla-, Árnes- og Hnappadalssýslum, en um 8000 einstaklingar alls voru teknir á skýrslu. Manntal þetta notaði höfundur í tilraunaskyni til samningar á tölvuvinnslukerfi, er nota megi til að vinna úr manntalslistum<sup>7)</sup>. Hér á eftir verður gerð grein fyrir baksviði þessara manntalsupplýsinga og lagt mat á traustleika þeirra, bæði eins og þær sjálfar liggja fyrir og með samanburði við manntalið 1703, sem Hagstofa Íslands vann úr og birti hún niðurstöðurnar á prenti árið 1960<sup>8)</sup>. Þar eð nothæf gögn um breytingar mannfjöldans á Íslandi á fyrri helmingi 18. aldar vantar, mundi grannskoðun á báðum manntölum krefjast miklu víðari könnunar en möguleg er á þessum vettvangi.

Innan dansk-norska konungsríkisins á 18. öld voru á Íslandi að sumu leyti sérstök skilyrði til þess, að mannfjöldagögn yrðu til. Illfært var að sigla skipum þess tíma milli Íslands og annarra landa, nema að sumarlagi. Erfiðar samgöngur innanlands, ásamt fjarlægð og einangrun eylandsins, torvelduðu stjórnarvöldum í Kaupmannahöfn að fylgjast stöðuglega með högum lands og þjóðar. Á 18. öld urðu landsmenn fyrir ógnarlegum áföllum, svo sem af völdum drepsóttu og eldgosa. Við það bættist, að veðurfarsbreyting til hins verra, sem staðið hafði lengi, náði sennilega hámarki á þessari öld<sup>9)</sup>. Til þess að danska stjórnin gæti betur glöggvað sig á aðstoðjandi vandamálum, lét hún taka sérstakt almennt manntal á Íslandi 1703 og 1785<sup>10)</sup>.

Manntalið á Íslandi 1703, sem náði til alls landsins og 50 358 einstaklinga, er fyrsta manntal í nútíma skilningi orðsins, sem tekið var á Norðurlöndum. — Nafnalistar hafa varðveist frá sérstakri skattskráningu, sem framkvæmd var um 1763<sup>11)</sup>. Þessir listar eru sennilega eins og manntalsskrár, en töflur hafa auðsjáanlega aldrei verið unnar úr þeim. Ísland var með í hinni dönsku heildartalningu íbúa 1769. Birt hafa verið yfirlit með niðurstöðum hennar<sup>12)</sup>. Hinir upphaflegu nafnalistar manntalsins 1785 eru sennilega glataðir, en útdráttur úr þeim hefur verið unninn úr óbirtum mannfjöldagögnum í Þjóðskjalasafni Íslands, og tekinn saman í töflu, þar sem fram kemur heildaríbúatala, með flokkun eftir kyni, aldri (í tíu ára hópum) og sýslu<sup>13)</sup>. Þessi tafla er nú birt hér í fyrsta sinn (tafla 15).

Söguleg tildrög manntalanna 1703 og 1729 hafa verið rakin annars staðar og verður ekki frekar um það fjallað hér<sup>14)</sup>. Nægir að skýra frá því, að árin næst fyrir 1703 bárust stjórnarvöldum í Kaupmannahöfn miklar umkvartanir frá Íslandi

7) Sjá Hans Oluf Hansen, Computer Methods for Production of Socio-Demographic Statistics, *Cuadernos de Historia Economica de Catalunya*, VII, Barcelonaháskóli 1972.

8) Sjálfir nafnalistar manntalsins hafa verið gefnir út á prenti af Hagstofu Íslands: *Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ásamt manntali 1729 í þrem sýslum* (1924—47). Töflur unnar úr nafnalistum manntalsins 1703 birtust í riti Hagstofu Íslands: *Manntalið 1703, Hagskýrslur Íslands II*, 21 (1960).

9) Sigurður Þórarinnsson: *Tefrokronologíske studier på Island*, bls. 153 (1944).

10) Erindisbréf Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem erindreka konungs á Íslandi, *Lovsamling for Island*, Bd. I, bls. 586 (1853).

11) Frumskrárnar eru hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Þessi skráning var byggð á umburðarbréfi, sem gefið var út fyrir Noreg 23. september 1762, 4.—9. gr. Sjá *Lovsamling for Island*, Bd. III, bls. 452—55. Svo virðist sem orðið hafi að undanskilja börn yngri en 12 ára.

12) *Statistisch-Tabellarische Uebersicht der Volksmenge in den Königlich-Dänischen Staaten, Beylage in dem zweiten Theile der Materialien zur Dänischen Statistik*, Flensburg und Leipzig 1787. Aufsätze betreffend die im Jahre 1769 in den Königlich Dänische Staaten in Europa vorgenommene Volkszählung; von dem Herrn Stiftsamtman von Oeder zu Oldenburg. (Aus der dem Herausgeber von dem Verfasser mitgetheilten Handschrift). V. A. Heinze, *Sammlungen zur Geschichte und Staatswissenschaft*, 1ster Band, pp. 1—138, Göttingen 1789. Um tildrög manntalsins 1785 vísast til (Þsk. Ísl., 572), *Íslandske kommissionsprotokol*, 16. og 23. marts 1785.

13) *Manntalstöflur 1768—1785*, Þjóðskjalasafn Íslands.

14) Þorsteinn Þorsteinsson, Manntalið 1703, *Andvari, tímarit Hins íslenska hjóðvinafélags LXXII*, bls. 26—50 (1947). *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. VII—XVII, inngangur. *Hagskýrslur Íslands II*, 21, bls. 5—7, inngangsorð. Hannes Þorsteinsson, Um fyrirhugaðan flutning íslenskra manna til Grænlands 1729—1730. *Blanda*, útg. af Sögufélaginu, bls. 192—211 (1932).

vegna óvenjumikils harðæris í landinu<sup>15</sup>). Manntalinu 1729 var ætlað að afla stiftamtanni konungs á Íslandi einkagagna, er hann gæti stuðst við, ef til þess kæmi, að konungur fyrirskipaði honum að afla — með fortölum og e. t. v. með valdi — nokkurra íslenskra útflytjenda til Grænlands, í sambandi við áform um nýtt landnám þar<sup>16</sup>).

Ef þéttbýlisstaður er skilgreindur sem húsaþyrping með a. m. k. 300 íbúum, þá var enginn slíkur staður til á Íslandi utan Reykjavíkur fyrr en á ofanverðri níttjándu öld. Meira en 80% íbúanna unnu að staðaldri við landbúnað. Í hinu gamla bændasamfélagi var hver einstök jörð oftast nær einangruð frá öðrum bæjum, og stafaði það bæði af landfræðilegum ástæðum og ríkjandi búskaparlagi og erfðavenjum. Á 18. og 19. öld var það ekki fátítt, að á hverri jörð væru nokkur smábýli eða kot, sem fengið höfðu skika af landi höfuðbólsins, og var oft drjúgur spökur á milli þeirra. Höfuðbólið ásamt með hjáleigunum og kotunum voru frá fornu fari talin til einnar og sömu jarðar, enda þótt öll jarðareignin væri stundum ekki á einni hendi. Þeir hlutar jarðarinnar, sem voru ekki nytjaðir af eigandanum (eigendunum) voru leigðir út. Ef „heimili“ er skilgreint sem heild eins eða fleiri einstaklinga í sambyli og með sameiginlegt húshald, gátu því verið eitt eða fleiri heimili á hverri íslenski jörð. Smábýlin í útjaðri jarðarinnar nefndust hjáleigur, en kotbændurnir, sem oft höfðu ekkert jarðnæði, nefndust „húsfólk“. Þess kunna að hafa verið dæmi, að leiguliðar hafi aftur leigt út frá sér. Það orkar raunar tvímælis, hvort telja beri, að húsfólk, sem hafði ekkert jarðnæði sér til viðurværis, myndi sérstök heimili. Til samræmis við töflur manntals 1703 er húsfólk þó talið mynda sérstök heimili í töflunum hér á eftir.

Í umburðarbréfum, sem gefin voru út á Helgafelli í Helgafellssveit 5. október 1702 og á Staðarstað 21. október sama ár, fyrirskipuðu erindrekar konungs, Árni Magnússon og Páll Vídalín, sýslumönnum landsins að sjá um, að almennt manntal yrði tekið í hverri sýslu<sup>17</sup>). Að manntalslistunum fullgerðum skyldu þeir afhentir erindrekunum, þegar Alþingi kæmi næst saman, þ. e. sumarið 1703. Skráningin fór fram að mestu leyti í mars og apríl það ár. Á næstkomandi langaföstu skyldi í hverjum hreppi skrá þá sveitarómaga og utansveitarhúsgangsmenn, er staddir væru í hreppnum. Sérstakar skrár skyldu gerðar um aðkomið ölmusufólk.

Amtmaður konungs, Niels Fuhrmann, sendi út umburðarbréf 3. september 1729, að því er virðist upp á sitt eindæmi, og fyrirskipaði í því sýslumönnum í Snæfellsnes-, Mýra-, Borgarfjarðar-, Hnappadals-, Árnes-, og Rangárvallasýslum að láta skrá heimilisfólk, sem búsett væri í þessum sýslum<sup>18</sup>). Það er óvíst, hvort manntalslistar bárust frá öðrum sýslum en þeim þremur, sem síðast voru taldar. Manntalið var tekið í Rangárvalla- og Árnessýslum fyrir júl 1729, og heimilisfólk í Hnappadalssýslu var skrásett í september sama ár. Því má telja, að skrásetningarnar 1703 og 1729 hafi farið fram á vel skilgreindum tíma.

Í manntali 1703 voru tæplega 500 einstaklingar, einkum flakkarar, skráðir á tveimur eða fleiri stöðum<sup>19</sup>). Hreppstjórnarnir vildu ekki gera lítið úr sveitarþyngslunum, sem á þeim hvíldu. En í manntali 1729 kemur það varla fyrir, að flakkarar séu skráðir. Manntalslistar bárust frá hverjum einasta hreppi landsins 1703 og frá öllum hreppum sýslanna þriggja 1729. Flestar jarðir á Íslandi hafa haldið sömu

15) Gerð er grein fyrir sumum tildrögum að erindrekstri Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í grein Jóns Jónssonar. *Fæstebondens kår på Island i det 18. århundrede*, (*Dansk Historisk Tidsskrift*, 6. fl., 4. bd. bls. 618 og áfram (1892—94).

16) Hannes Þorsteinsson, s. st., bls. 205—06.

17) *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. XVII.

18) *Bréfabók amtmanns árið 1729*, bls. 263—69 (tilvitnun eftir Hannesi Þorsteinssyni, s. st., bls. 205, aths. 1).

19) *Hagakýrslur Íslands II*, 21, bls. 6.

nöfnum í aldaradír. Íslendingar hafa allt fram á okkar daga verið ákaflega fastheldnir á nöfn býla sinna. Samanburður á jarðatölum frá því um 1695, 1702—14 og frá fimmta tug nítjándu aldar við manntölin úr sýslunum þremur 1703 og 1729 leiðir í ljós, að hver einasta jörð, að heita má, er tekin með í manntalinu 1729<sup>20</sup>).

Manntalslistarnir í Hnappadalssýslu 1729 voru vottfestir af þingvitnismönnum<sup>21</sup>). Gagnstætt því, sem átti sér stað í Árnæssýslu og Hnappadalssýslu, kom það oft fyrir í Rangárvallasýslu, að sleppt væri skrásetningu á heimilisfólki embættismanna (veraldlegra og andlegra), og virðist sem það hafi verið gert vísvitandi í því skyni að koma í veg fyrir, að slíkt fólk yrði flutt til Grænlands<sup>22</sup>). Árið 1703 hafði ekki verið nein bein ástæða til þess að koma sér undan skráningu.

Miðað við þá afkomumöguleika, sem ríktu á landinu fram yfir miðja 19. öld, var það mjög þéttbýlt árið 1703. Búið var á hverju því býli, sem gaf af sér lágmark nauðpurfta til framfærslu, en af því hlýtur að hafa leitt, að þegar harðnaði í ári, t. d. í illu árferði eða þegar eldgos urðu, hafa þeir, sem bjuggu við verstar aðstæður, átt mjög erfttt uppdráttar. Jarðabók áður nefndra erindreka konungs var tekin saman á árunum 1702—14, þ. e. á áraskeiði, er óskaplega mannskæður bólusóttarfaraldur gekk yfir landið, en það var um 1707. Samanburður á Jarðabókinni við manntalslistana 1703 og 1729, hvora fyrir sig, gefur nokkra hugmynd um afleiðingar drepstóttarinnar<sup>23</sup>). Fólkinu fækkaði verulega og mörg býli, sem áður voru byggð, lögðust í eyði<sup>24</sup>). Samanburður Jarðabókar 1702—14 við manntalslistana 1729 leiðir í ljós, að því fór mjög fjarri, að íbúum sýslanna þriggja hefði árið 1729 fjölgað aftur upp í íbúatölur þeirra áður en drepstóttin gekk yfir. Heildartala íbúa í hinum þremur sýslum var sem hér segir 1703 og 1729:

	1703	1729	Fækkun 1703—1729
Árnæssýsla .....	5 216	4 607	11,7%
Rangárvallasýsla .....	4 251	2 855	33,0%
Hnappadalssýsla .....	640	615	3,9%
Samtals í hinum 3 sýslum ....	10 107	8 077	20,1%
Samtals á Íslandi öllu .....	50 358		

Mikill munur er á breytingum mannfjöldans í sýslunum þremur frá 1703 til 1729. Hin mikla mannfækkun í Rangárvallasýslu á tímabilinu frá 1707 til 1729 kann, auk bólufaraldursins og vantalningar í manntalinu 1729, að hafa stafað af uppblæstri og sandfoki þar í sýslunni á þessum árum. Talan 8 077 gefur til kynna lágmarksfjölda þess fólks, sem bjó í sýslunum þremur 1729. Þar sem breytingar á mannfjöldanum í hinum ýmsu byggðarlögum landsins kunna að hafa verið mjög mismunandi, er ætlan um íbúatölu alls landsins 1729 mjög mikilli óvissu bundin.

20) Jarðatalið 1695 er birt í riti Björns Lárússonar, *The Old Icelandic Land Registers* (1967). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bd. I—II, útg. af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn (1913—1943). Ormur Daðason, *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*, útg. af Magnúsi Má Lárússyni (1965). *Jarðatal á Íslandi*, útg. af J. Johnsen (1847). Skrá yfir meiri háttar óbirt íslensk jarðatöl er að finna í RA 167 fol., Ríkisskjalasafn Danmerkur (*Arkivafleveringerne fra Rigsarkivet til Island i årene 1904 og 1927*). Af jarðatölunum ber að nefna skrár Skúla Magnússonar (1760—69, 23 bindi) og jarðatalið frá 1802—04 (23. bindi). Þessi gögn eru nú varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Í formálanum að Jarðatali Johnsens og í *Lýsingu Íslands*, bd. III, eftir Þorvald Thoroddsen, bls. 77—90 (1919), er að finna frekari vitneskju um óþrentuð jarðatöl íslensk eftir 1703.

21) *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 639, 640, 643.

22) Tala heimila, þar sem slík vantalning átti sér stað var sem hér segir í hinum þremur sýslum: Rangárvallasýsla 14, Árnæssýsla 2, Hnappadalssýsla 0.

23) Bréf frá Árna Magnússyni til dönsku stjórnarinnar, dags. 20. júní 1709, birt í Arne Magnussen, *Embættsskrivelser og andre offentlige akstyttykker*, nr. 10—11, bls. 327, útg. af P. E. K. Kålund (1916).

24) Jón Steffensen, *Líkamsvöxtur og lífsafkoma Íslendinga*, tafla III—V, bls. 295 og 297—98, *Saga, tímarit Söguélags II*. 1 (1954—56).



Hvort samræmis gætir í skráningu upplýsinga, er vitaskuld undir því komið, að hve miklu leyti hefur verið lagður sami skilningur í þau atriði, er upplýst skyldu við manntalsskráninguna. Áreiðanleiki skráningar fer auk þess eftir því, hve satt og rétt hver einstaklingur hefur svarað þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, og að hve miklu leyti teljendur komu þeim svörum réttilega til skila á manntalslistunum.

Prentuð eyðublöð voru ekki notuð við manntölin 1703 og 1729. Samkvæmt umburðarbréfinu, sem erindrekar konungs sendu öllum sýslumönnum landsins í október 1702, skyldi skrá nafn og föðurnafn, aldur og atvinnu húsbónda hvers heimilis, eiginkonu hans, barna og annars heimilisfólks. Það fólk, er dveldist á heimilinu um stundarsakir, skyldi skráð þar, sem það væri heimilisfast. Manntalið 1703 var greinilega haft til fyrirmyndar, þegar manntalið 1729 var tekið. Upplýsingaratriði beggja manntala voru svo að segja alveg þau sömu. Manntalið 1729 var í rauninni skráning „de jure“.

Augljóst er, að túlkun sumra fyrirmæla umburðarbréfsins hefur vafist mjög fyrir mönnum. Teljorum var að nokkru leyti í sjálfsvald sett að ákveða, hvernig skilgreina bæri það, er upplýsinga skyldi aflað um. Þetta átti við um atriði, sem voru ekki skilgreind sérstaklega í umburðarbréfinu, svo sem „stöðu í fjölskyldu“, „stöðu á heimili“ og „hjúskaparstétt“. Stundum voru látnar í té upplýsingar um atriði, sem ekki var óskað eftir, svo sem um heilsufar og fleira.

Hér á eftir er sýnt, að hve miklu leyti upplýst var um kyn, aldur, heilsufar og starf einstaklinga í manntölum 1703 og 1729, hvoru um sig:

	1703	1729
Kynferði .....	100,0%	100,0%
Aldur .....	99,3%	99,0%
Heilsufar .....	4,6%	1,0%
Atvinna .....	3,4%	17,9%

Upplýsingar um aldur og heilsufar eru tiltölulega fyllri 1703 en 1729. Um starf er þessu öfugt farið. Heilsufarsupplýsingar eru mjög mistíðar í hinum þremur sýslum. Um það bil 95% allra upplýsinga um heilsufar eru úr Hnappadalssýslu, en í henni bjuggu 7,6% alls þess mannfjölda, sem tekinn var á skrá í manntalinu 1729. Að bera við vanheilsu kann að hafa verið ein leiðin til að komast hjá því að verða fluttur nauðugur til Grænlands.

Aldur í manntölunum 1703 og 1729 miðast við síðasta afmælisdag, þ. e. tilfærð eru „fullnuð ár“. Aldur barna á fyrsta ári er oft talinn í dögum, vikum, mánuðum eða þau sögð veturgömul. Fyrir fólk, sem náð hefur fertugsaldri, er það áberandi, að of margir eru með aldursár, sem enda á 0 eða 5. Og enn meira áberandi er — fyrir þritugt fólk og eldra — að aldursár stendur frekar á jafnri tölu en oddatölu. Það er einnig áberandi, að börnum á fyrsta ári er slengt saman í aldurshópa. Mjög fá börn eru skráð með aldur á bilinu 29 til 52 vikur. Sjá töflur 2 og 3. Mikill munur er á tölu karla og kvenna á sumum aldurs skeiðum 1703 og 1729, eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti, er sýnir tölu karla á 1 000 konur fyrir 5 ára aldursflokka:

	1703	1729		1703	1729		1703	1729
0—4 ára ...	960,0	969,8	35—39 ára ...	761,5	828,3	65—69 ára ...	567,7	628,4
5—9 „ ...	953,8	935,4	40—44 „ ...	762,1	808,3	70—74 „ ...	511,4	614,4
10—14 „ ...	926,4	1066,2	45—49 „ ...	803,4	887,8	75—79 „ ...	492,5	571,4
15—19 „ ...	889,6	880,3	50—54 „ ...	761,4	992,1	80—84 „ ...	434,6	732,1
20—24 „ ...	896,9	970,5	55—59 „ ...	696,7	611,5	85—89 „ ...	576,9	333,3
25—29 „ ...	897,1	838,8	60—64 „ ...	583,5	674,4	90 ára og eldri	444,4	133,3
30—34 „ ...	876,2	810,2						

Hér koma fram samverkandi áhrif gallaðrar manntalsskráningar og breytilegra heilsufarsástæðna á liðnum árum. Sömu öfl eru að verki þar, sem er áberandi munur á tölu karla eða kvenna í samlægum aldurshópum.

Af ákvæðum umburðarbréfsins með fyrirmælum um töku manntalsins 1703 mátti ráða, að hjúskaparstétt skyldi skráð á skýrslu og var húsbóndi á heimili nefndur sérstaklega í því sambandi. Það, sem áður hefur verið sagt um heldur slæga framkvæmd manntalsskráningar 1729 í Rangárvallasýslu, er augljóst einnig að því er varðar skráningu þar á giftum og ekki-giftum. Þar í sýslu verður oftsinnis að ráða það af samhenginu, hvort fólk er gift eða ekki, t. d. af orðalagi eins og „börn þeirra“, „kona hans“ o. s. frv. Í töflu 2 er þess vegna gerður greinarmunur á því fólki, sem beinlínis er sagt gift, og á því, sem af samhenginu má ráða, að sé gift. Það rýrir nokkuð gildi beggja þessara manntala, að iðulega verður að ráða það af líkum, hvar skipa skuli fólki í hjúskaparstétt. — Í eftirfarandi yfirliti er húsráðendum 1703 og 1729 skipt eftir kyni og hjúskaparstétt, í beinum tölum og hlutfallslega, og þar kemur einnig fram tala húsráðenda á hverja 100 íbúa í hverri tegund hjúskaparstéttar fyrir sig:

	1703			1729		
	(1)	(2)	(3)	(1)	(2)	(3)
Karlar, kvæntir .....	5 673	69,4	97,3	1 072	77,7	95,5
Karlar, ókvæntir .....	983	12,0	6,0	191	13,8	7,3
Ekklar .....	390	4,8	69,8	4	0,3	*
Konur, ógiftar .....	714	8,7	3,6	12	0,9	0,4
Ekkjur .....	417	5,1	24,0	101	7,3	*
Samtals .....	8 177	100,0	.	1 380	100,0	.
Karlar samtals .....	7 046	86,2	30,8	1 267	91,8	34,3
Konur samtals .....	1 131	13,8	4,1	113	8,2	2,6

*Skýringar:* (1): Fjöldi húsbænda. (2): Hundraðshluti af heildartölu húsbænda. (3): Hundraðshluti af heildartölu einstaklinga í hverri tegund hjúskaparstéttar.

\*: Tala ekki fyrir hendi.

Stofnunarheimili voru nær engin á Íslandi 1703 og 1729. Samkvæmt yfirlitinu hér fyrir ofan voru 97,3% þeirra karla, sem skráðir voru kvæntir 1703, húsbændur (1729: 95,5%), og 69,4% þeirra karla, sem voru húsbændur 1703, voru kvæntir (1729: 77,7%). Í hinu gamalgróna íslenska þjóðfélagi jafngilti það að vera kvæntur maður að verulegu leyti því að vera húsbóndi, og gagnkvæmt. Af þessu má þó að sjálfsögðu ekki draga þá ályktun, að skráning hjúskaparstéttar hafi verið rétt og tæmandi við manntölin 1703 og 1729. Birtar töflur manntala á 19. öld fela ekki í sér flokkun húsbænda eftir kynferði og hjúskaparstétt, sem er samþærileg við þá flokkun, sem er í yfirlitinu hér fyrir ofan. Sú spurning getur vaknað, hvort hlutfall giftra samkvæmt manntölum 1703 og 1729 sé rétt. Tala fólks, sem skráð er gift, beinlínis eða óbeinlínis, er lágmarkstala, á sama hátt og sá fjöldi fólks, sem er skráður alls í hverjum aldursflokki, er það. Hlutfall gifts fólks ætti þó

ekki að verða of lágt, nema það, sem vantað hefur á fulla talingu, hafi skipst á annan hátt eftir hjúskaparstétt en mannfjöldinn í heild. Upplýsingar eru ekki fyrir hendi til að svara þeirri spurningu, hvort hér er um skekkju að ræða. Hið lága hlutfall gifts fólks við manntölin 1703 og 1729 virðist þó vera einkenni mannfjöldans á Íslandi varðandi hjúskaparstétt eins og það var í manntölum fram yfir miðja 19. öld, fremur en að um sé að ræða greinilega undantekningu frá þeim<sup>25</sup>).

Fjölskyldan hefur jafnan skipað mikið rúm í huga Íslendinga. Því má gera ráð fyrir, að fjölskyldutengsl milli heimilisfólks séu skráð með nákvæmni. Skráning fjöðurnafna í manntalinu kemur heim við þessa ályktun. Við samningu á töflum 12 og 13 hefur eingöngu verið tekið tillit til fjölskyldutengsla, sem koma beinlínis fram á manntalslistum. Einstaklingar án tilgreindra fjölskyldutengsla á manntalslista eru taldir heimilisfólk, en utan fjölskyldu. Tala fjölskyldumeðlima á heimilum samkvæmt töflum er því lágmarkstala.

Skipting mannfjöldans eftir stærð og tegund heimilis, aldri og heimilisstöðu er sýnd í töflu 14, en hér fer á eftir yfirlit um efni hennar:

Heimili

Heimilisstaða	húsfólks	hjáleigubænda	annarra	Alls
Húsráðandi .....	1,00	1,00	1,00	1,00
Húsmóðir .....	0,40	0,90	0,79	0,78
Börn innan 15 ára ....	0,43	1,93	1,70	1,63
Aðrir ættingjar .....	0,10	0,50	0,84	0,72
Fjölskyldan sjálf .....	1,93	4,33	4,33	4,13
Vinnufólk og lausafólk .	0,11	0,60	1,17	0,99
Samtals	2,04	4,93	5,50	5,12
Aðrir .....	0,14	0,41	0,74	0,63
Alls	2,18	5,34	6,24	5,75

Heimilisfólk á biskupssetrinu að Skálholti, 59 manns, er ekki talið í þessu yfirliti, né heldur 77 manns aðrir, sem aldur eða heimilisstaða eða hvort tveggja var ótilgreint um. Við samanburð meðaltala í yfirlitinu verður að sjálfsögðu að hafa í huga, að innan hinna þriggja heimilisflokka kann að vera munur á því, að hve miklu leyti staða á heimili er upplýst á manntalslistum. Meðalstærð og skipan allra heimila er fundin með því að nota sem vog mannfjölda í hverjum flokki heimila, en hann skiptist eins og hér segir 1703 og 1729 á öllu landinu og í Rangárvalla-, Árnes- og Hnappadalssýslum:

	Bændabýli	Hjáleigur	Heimili húsfólks	Alls
1703, allt landið .....	81,6%	3,1%	15,3%	100,0%
1703, sýslurnar þrjár ..	77,1%	20,3%	2,6%	100,0%
1729, sýslurnar þrjár ..	83,0%	5,1%	11,9%	100,0%

Tala fólks á heimilum bænda 1729 verður ekki fundin nema sem afgangsstærð, þar sem það var sjaldan tekið fram um húsráðendur í manntalinu 1729, að þeir væru bændur, þó að svo væri. Telja má, að mun minna vanti á, að hjáleigubændur

